

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, nr. 400/2008.

#### 1. gr.

Grein 1.2.4.4.1 orðast svo:

Fluglæknar og trúnaðarlæknir heilbrigðisskorar skulu hafa fengið þjálfun í fluglæknisfræði í samræmi við ákvæði reglugerðar um heilbrigðiskröfur flugliða (JAR-FCL 3). Fluglæknar og trúnaðarlæknir skulu fá upprifjunarþjálfun með reglulegu millibili. Áður en þeir eru samþykktir skulu þeir sýna fram á nægilega þekkingu í fluglæknisfræði. Fluglæknir sem annast útgáfu 3. flokks heilbrigðisvottorðs samkvæmt reglugerð um skirteini flugumferðarstjóra skal uppfylla sömu skilyrði og fluglæknir sem annast útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs samkvæmt reglugerð um heilbrigðiskröfur flugliða.

#### 2. gr.

Á eftir VII. kafla kemur nýr VIII. kafli: **Aðilar sem annast mat á tungumálakunnáttu (Language assessment bodies)**. Númer kafla og greina sem á eftir koma breytast til samræmis við það.

#### 3. gr.

Grein 8.1 orðast svo:

##### **8.1 Almennar reglur um aðila sem annast mat á tungumálakunnáttu.**

- 8.1.1 Leyfi til að meta tungumálakunnáttu sem krafist er af flugliðum og flugumferðarstjórum skv. gildandi reglugerðum er eingöngu veitt aðila sem uppfyllir skilyrði þessa kafla.
- 8.1.2 Leyfi til að annast mat á tungumálakunnáttu er gefið út til allt að þriggja ára. Leyfið má fella úr gildi ef kröfur til starfseminnar eru ekki lengur uppfylltar.
- 8.1.3 Mat á tungumálakunnáttu skal reka sjálfstætt óháð tungumálakennslu, þar sem slík kennsla fer fram hjá sama aðila, bæði hvað varðar skipulag og mönnun.

#### 4. gr.

Grein 8.2 orðast svo:

##### **8.2 Stjórnun og skipulag.**

- 8.2.1 Aðili sem vill sækja um leyfi til að annast mat á tungumálakunnáttu samkvæmt reglugerð þessari skal sýna fram á að:
  - a. stjórn og mönnun sé fullnægjandi;
  - b. gæðakerfi sé fyrir hendi sem tryggir að starfsemin fullnægi öllum kröfum og reglum.
- 8.2.2 Gæðakerfi skv. 8.2.1 gr. skal taka til a.m.k eftirfarandi atriða:
  - a. stjórnunar, skipulags og stefnumörkunar;
  - b. vinnuferla;
  - c. eftirfylgni við viðeigandi lög, reglur og viðmið;
  - d. skilgreiningar ábyrgðar fyrir þróun og rekstur gæðakerfis;
  - e. skjalfestingar;
  - f. gæðatryggingaráætlunar;
  - g. menntunar og þjálfunar matsmanna;
  - h. þeirra krafna sem gerðar eru til mats á tungumálakunnáttu;
  - i. ánægju viðskiptavina.

#### 5. gr.

Grein 8.3 orðast svo:

##### **8.3 Vistun gagna.**

- 8.3.1 Aðili sem annast mat á tungumálakunnáttu samkvæmt reglugerð þessari skal vista gögn um niðurstöðu mats í að minnsta kosti sex ár.

## 6. gr.

Grein 8.4 orðast svo:

**8.4 Mat á tungumálakunnáttu.**

- 8.4.1 Með mati á tungumálakunnáttu skal ákveða hæfni skírteinishafa/umsækjanda til að tala og skilja það tungumál sem notað er í talfjarskiptum samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerðum um skírteini gefnum út af Flugmálastjórn.

## 7. gr.

Grein 8.5 orðast svo:

**8.5 Matmenn í tungumálakunnáttu.**

- 8.5.1 Leyfi til að meta tungumálakunnáttu samkvæmt reglugerðinni er háð því að hjá umsækjanda starfi hæfur matsmaður með fullnægjandi tungumálakunnáttu. Matsmaður í tungumálakunnáttu skal annaðhvort hafa sérfræðipækkingu á sviði flugmála eða sérfræðipækkingu á sviði tungumála að viðbættri flugtengdri þekkingu.
- 8.5.2 Matsmaður í tungumálakunnáttu skal hafa fengið viðurkennda þjálfun og sýnt fram á hæfni sína í að meta tungumálakunnáttu.
- 8.5.3 Leyfi matsmanna gildir í þrjú ár í senn og má fella úr gildi ef matsmaður uppfyllir ekki lengur gildandi kröfur.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 31. og 73. gr., sbr. 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*